

AUGLÝSING

um breytingu á svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, Kjóavellir í Garðabæ og Kópavogi og Vatnsendakrikar í Kópavogi og Reykjavík.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 7. nóvember 2007 staðfest breytingu á svæðisskipulagi vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, frá 5. febrúar 1999.

Breytingin felst í því að brunnsvæði við Dýjakróka í Garðabæ fellur niður og afmörkun á vesturmörkum grannsvæðis og fjarsvæðis breytist. Brunnsvæði í Vatnsendakrikum stækkar um 23,9 ha til vesturs.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 7. nóvember 2007.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Logi Kjartansson.

B-deild – Útgáfud.: 22. nóvember 2007